LEIKSKÓLINN **ÁLFASTEINN**



# HORFT TIL FRAMTÍÐAR

*- grunnur að góðri færni*

**HANDBÓK** Í SNEMMTÆKRI ÍHLUTUN



Handbók þessi er þróunarverkefni í snemmtækri íhlutun í máltöku barna á leikskólastigi sem unnið var í leikskólanum Álfasteini í Hafnarfirði.

© **Leikskólinn Álfasteinn**
Hafnarfjörður 2020

HÖNNUN: KRISTINN P / MÍNERVA MIÐLUN

# HORFT TIL FRAMTÍÐAR

- grunnur að góðri færni

## HANDBÓK Í SNEMMTÆKRI ÍHLUTUN



EFNI

**Formáli** 6

1 **Tilurð verkefnisins** 10

2 **Fræðileg umfjöllun um snemmtæka íhlutun** 14

3 **Upphaf leikskólagöngu** 16
3.1 Móttökusamtal
3.2 Aðlögunarsamtal

4 **Grunnþættir menntunar** 18

5 **Daglegt starf / kennsluefni** 22
5.1 Málörvun
5.1.1 Lubbi finnur málbein
5.1.2 Veðurfræðingur
5.2 Málörvun yngri deilda
5.2.1 Verkferill málörvun yngri deilda
5.3 Málörvun eldri deilda
5.3.1 Verkferill málörvun eldri deilda
5.4 Málörvun hjá börnum í þriðja flokki
5.5 Fastar lestrarstundir
5.5.1 Verkferill við lestur bóka
5.6 Orðaforðalistinn
5.7 Leikurinn
5.8 Kubbastarf
5.8.1 Verkferill kubbastarf yngri deilda
5.8.2 Verkferill kubbastarf eldri deilda
5.9 Könnunarleikur
5.10 Könnunaraðferð
5.11 Listasmiðja
5.12 Gönguferðir

6 **Verkferlar dagskipulag** 48
6.1 Verkferill dagskipulag Berg/Klettur
6.2 Verkferill dagskipulag Holt/Hamar
6.3 Verkferill dagskipulag Laut

7 **Efling félagsfærni** 52
7.1 SMT-skólafærni
7.2 Boðskiptareglur Bínu
7.3 Blær - vináttuverkefni

8 **Athuganir, próf og skimanir** 58
8.1 Athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna (AAL)
8.2 Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn
8.3 Orðaskil
8.3.1 Verkferill orðaskil
8.4 Hljóm-2
8.4.1 Verkferill Hljóm-2
8.5 Tras
8.5.1 Verkferill Tras

9 **Grunur um frávik** 66
9.1 Einstaklingsnámskrá

10 **Tví/fjöltyngi** 68
10.1 Gefðu tíu - leið til að efla börn í samskiptum á íslensku
10.2 Að efla samskipti

11 **Heimildaskrá** 76

12 **Viðauki** 80
12.1 Viðauki - kennsluefni í læsi

13 **Fylgiskjöl** 82
13.1 Fylgiskjal 1 - Móttökusamtal
13.2 Fylgiskjal 2 - Foreldrahandbók
13.3 Fylgiskjal 3 - Aðlögunarsamtal
13.4 Fylgiskjal 4 - Myndrænn orðaforðalisti, dæmi
13.5 Fylgiskjal 5 - Orðaforðalisti notar/notar ekki 3 og 6 ára
13.6 Fylgiskjal 6 - SMT-reglur kenndar
13.7 Fylgiskjal 7 - Þríhyrningur
13.8 Fylgiskjal 8 - Árshjólið
13.9 Fylgiskjal 9 - Skráningarblað
13.10 Fylgiskjal 10 - Tilvísun í Lausnateymi
13.11 Fylgiskjal 11 - Vinnuferli Lausnateymis
13.12 Fylgiskjal 12 - Einstaklingsnámskrá
13.13 Fylgiskjal 13 - Bókamerki
13.14 Fylgiskjal 14 - Eðlileg málþróun barna

# FORMÁLI

Leikskólinn Álfasteinn tók til starfa þann 15. mars 2001 og er rekinn af Hafnarfjarðabæ. Á Álfasteini eru fimm deildir; Hamar, Holt, Laut, Berg og Klettur. Leikskólinn er staðsettur í Suðurbænum, nánar tiltekið á holtinu og í nánasta umhverfi við hraunið, golfvöllinn og fjöruna. Í leikskólanum eru að jafnaði börn á aldrinum 1 árs til 6 ára og geta um 77 börn dvalið þar samtímis. Stöðugildi starfsfólks reiknast út frá þörfum barnahópsins hverju sinni og starfshlutfalli en að meðaltali starfa um 25-30 starfsmenn þar ár hvert.

Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla (Mennta og menningarráðuneyti, 2011). Samkvæmt aðalnámskrá ber hverjum leikskóla að útfæra sína skólanámskrá með hliðsjón af aðalnámskrá, um leið og tekið er tillit til menningar, sérkenna og



**ÞRÓUNARTEYMI LEIKSKÓLANS UM SNEMMTÆKA ÍHLUTUN** Neðri röð f.v.: Ásdís, Ásgerður, Aldís og Anna. Efri röð f.v.: Sigrún, Elísabet, Inga og Dagný.

starfshátta hvers leikskóla fyrir sig. Til að ná settu markmiði aðalnámskrár hefur Álfasteinn horft til framfarastefnu heimspekingsins John Dewey's. Sú hugmyndafræði hefur verið eitt af leiðarljósum í skólastarfinu. Til að ná settu marki aðalnámskrár hafa kubbar Caroline Pratt verið stór þáttur í leik barnanna. Í þeirri stefnu er megináhersla lögð á að kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun í stað þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir. Þetta er gert með því að spyrja börnin opinna spurninga og fá þau til að finna eigin lausnir. Börnin nýta sér kubba Pratt til að endurbyggja þann heim sem þau lifa í. Þar verða til mörg tækifæri í að nýta læsi og stærðfræði. Börnin segja frá hvað þau eru að byggja og skapa hverju sinni. Þannig verða þau læs á byggingar sínar og geta endurskapað veruleikann um leið og þau þurfa að setja orð á athafnir sínar. Má því segja að hugmyndafræði Álfasteins falli vel að snemmtækri íhlutun og læsisstefnu Hafnarfjarðar. Börnin vinna einnig með form kubbanna og talnaskilningur nýtist þegar börnin flokka og telja í stafla þegar þau ganga frá byggingum sínum. Þannig verða þau læs á stærðfræði, form, tölur, flokkun og öðlast betri talnaskilning.

Leikskólinn vann að frumkvöðlastarfi eða þróunarverkefni til fimm ára í Hafnarfirði. Starfsfólk þróaði leiðir í skólastarfi með kubba Caroline Pratt og tengdi þá nýrri kennsluaðferð, könnunaraðferðinni, og hefur leikskólinn náð að festa þá aðferð í sessi. Könnunaraðferðin nýtist vel í tengslum við læsi. Þarna ræða börnin um hvað þau eru að rannsaka og orðaforði eykst mikið þar

sem þau eru að ræða um könnunarverkefni sem getur verið allt milli himins og jarðar. Hvert könnunarverkefni ræðst af því hverju börnin brenna fyrir hverju sinni.

Þegar farið var af stað í þetta þróunarverkefni Snemmtæk íhlutun vorum við svo heppin að fá Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing til liðs við okkur sem faglegan ráðgjafa. Starfsfólk leikskólans vill nota tækifærið hér og þakka Ásthildi fyrir aðstoðina og aðhaldið sem hún hefur veitt við framkvæmd þessa verkefnis. Jafnframt er starfsfólki Álfasteins þakkað fyrir samvinnuna og traustið sem það hefur sýnt þessu þróunarverkefni og þann virka þátt sem það hefur sýnt verkefninu, bæði við innleiðingu og framkvæmd. Án þeirra samstarfs hefði verkefnið aldrei litið dagsins ljós.



# 1

# TILURÐ VERKEFNISINS

Starfsfólk leikskólans Álfasteins sammæltist um að leggja af stað í þróunarverkefni í snemmtækri íhlutun í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðing á Mennta- og lýðheilsusviði, sem var faglegur ráðgjafi verkefnisins. Stofnað var þróunarteymi innan leikskólans sem bar faglega ábyrgð á því að innleiða verkefnið ásamt því að tryggja að allir starfsmenn væru beinir þátttakendur. Markmið verkefnisins í grunninn var að efla áhuga, metnað og öryggi allra starfsmanna í að vinna með börnum á mismunandi aldri, með sérstaka áherslu á málörvun, orðaforða og hugtakaskilning. Annað markmið þróunarverkefnisins var að marka ákveðin vinnubrögð í leikskólanum og auka þannig þekkingu og færni starfsmanna sem mun skila sér í faglegra og áhrifaríkara starfi. Stefnt verður að því að málörvun fléttist inn í allt daglegt starf og verði eitt af leiðarljósum leikskólans. Í framhaldinu var útbúið verklag og verkferlar fyrir starf skólans sem og fyrir niðurstöður skimana, athugana og



prófa. Jafnframt var sérstök áhersla á að standa vörð um tví/fjöltyngdu börnin í leikskólanum og finna markvissar og árangursríkar leiðir til að vinna frekar með málörvun þeirra. Þróunarverkefnið veitir trygga stoð í því samhengi. Það var ósk starfsfólks leikskólans að auka foreldrasamstarf þar sem þeir gegna lykilhlutverki í máluppeldi og þróun góðs málþroska barna sinna.

Þessu til stuðnings var ákveðið að setja á stofn bókasafn þar sem foreldrar geta fengið lánaðar bækur sem auðvelda þeim að lesa fyrir börn sín. Jafnframt að foreldrar fengju verkefni heim þar sem fjölskyldu barns af erlendum uppruna er gert mögulegt að vinna með grunnorðaforða eins og stóll, borð, leikskóli, matur o.s.frv. á sínu móðurmáli heima. Síðan er unnið með íslensku orðin yfir sama hluti í leikskólanum.




Grænmeti
Kál
Papríka
Agúrka

# 2

# FRÆÐILEG UMFJÖLLUN UM SNEMMTÆKA ÍHLUTUN

Þegar talað er um snemmtæka íhlutun er átt við skjót afskipti eða fyrirbyggjandi kennslu ef upp kemur grunur um þroskafrávik. Þá er mikilvægt að lögð sé áhersla á markvissar aðgerðir sem stuðla að þroskaframvindu barna. Tímabilið frá fæðingu til 6 ára aldurs er það tímabil í lífi barna sem snemmtæk íhlutun er yfirleitt miðuð við. Því fyrr sem markviss íhlutun á sér stað því meiri líkur eru á að þjálfunin skili árangri. Þegar talað er um íhlutun er ekki einungis átt við barnið sjálft, heldur samspil heimilis og skóla sem og umhverfið sem barnið lifir í. Í leikskólanum eru börn á aldrinum 1 árs til 6 ára. Má því segja að leikskólinn sé sá staður þar sem hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar henti einna best enda flest börn í leikskóla að meðaltali 8 tíma á dag. Þrátt fyrir mikilvægi leikskólans þá hafa fjölmargar rannsóknir sýnt að árangur af snemmtækri íhlutun er mun meiri ef foreldrar eru þátttakendur í íhlutun fyrir börn sín (Tryggvi Sigurðsson, 2003). Þess vegna er lögð áhersla á gott og öflugt foreldrasamband í leikskólanum.

Félagsþroski og hegðun barna hefur í vaxandi mæli fengið meira rými þegar talað er um snemmtæka íhlutun (Tryggvi Sigurðsson, 2003). Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða hvaða aðferðir leikskólinn Álfasteinn nýtir til að kenna börnunum æskilega hegðun.

*Þær fyrirbyggjandi aðgerðir sem snemmtæk íhlutun er grundvölluð á eru arðbær fjárfesting til framtíðar* (Tryggvi Sigurðssonar, 2003). Má því með sanni segja að leikskólinn ætti að sjá sér hag í að tileinka sér aðferðafræði snemmtækrar íhlutunar þar sem fjárfesting framtíðarinnar eru leikskólabörnin.

3

# UPPHAF LEIKSKÓLAGÖNGU

## 3.1
## MÓTTÖKUSAMTAL

Þegar foreldrar hafa fengið staðfestingu á leikskólaplássi fyrir barn sitt og staðfesting foreldra hefur farið fram eru foreldrar boðaðir í móttökusamtal í leikskólann Álfastein. Foreldrar koma án barnsins og farið er yfir mikilvægar upplýsingar varðandi leikskólann og foreldrar fylla út lista varðandi barn sitt. Í þessu samtali hitta foreldrar deildastjóra þeirrar deildar þar sem barnið verður á og gefst tími í spjall og er þetta vísir að fyrstu tengslum foreldra og leikskólans. Þessi fyrstu kynni auðvelda foreldrum og starfsmönnum leikskólans að ná jákvæðum tengslum og aðlögun verður vonandi afslappaðri þar sem foreldrar vita hver tekur á móti þeim og starfsfólk hefur fengið grunnupplýsingar um barnið (sjá fylgiskjal 1). Í móttökusamtali er einnig afhent foreldrahandbók leikskólans þar sem foreldrar geta lesið sér til um starfsemi og stefnu leikskólans (sjá fylgiskjal 2).

## 3.2
## AÐLÖGUNARSAMTAL

Aðlögunarsamtal er tekið af deildarstjóra og/eða hópstjóra sex til átta vikum eftir aðlögun barns. Samtalið er hugsað til að styrkja samskipti og tengsl foreldra og leikskóla. Þar er farið yfir hvernig aðlögun gekk, líðan barnsins og fleira. Þetta samtal gefur einnig kennara tækifæri til að spyrja foreldra ýmissa spurninga varðandi barnið, hvað er gert heima fyrir og þeirra sýn á starfið sem fer fram í leikskólanum (sjá fylgiskjal 3).

# 4

# GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) er talað um að menntun sé ekki einhlít. Menntun fer meðal annars eftir því umhverfi sem barnið lifir í og hefur stefna og menning leikskólans þar mikið að segja. Menntun stuðlar að aukinni hæfni og eflir skilning barnsins á eiginleikum og hæfileikum sínum sem leiðir til hæfni á að leysa ýmis hlutverk í því flókna samfélagi sem barnið lifir í. Grunnþættir menntunar er leið til að skilgreina meginsvið almennrar menntunar sem hverjum skóla ber að stefna að. Grunnþættirnir eru eftirfarandi í stafrófsröð: heilbrigði og velferð, jafnrétti, læsi, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni og sköpun. Grunnþáttunum á að flétta inn í allt starf leikskólans hvort sem er innandyra eða utan og er því samofið öllu starfi leikskólans.




LÆSI
GRUNNÞÆTTIR
MENNTUNAR
SJÁLFBÆRNI



## SKÖPUN



## HEILBRIGÐI & VELFERÐ



## LÝÐRÆÐI & MANNRÉTTINDI



## JAFNRÉTTI

# 5

# DAGLEGT STARF / KENNSLUEFNI

## 5.1
## MÁLÖRVUN

Í leikskólanum Álfasteini er mikið til af góðu kennsluefni til málörvunar sem hægt er að nýta á fjölbreyttan hátt (Sjá viðauka 1).

### 5.1.1
### LUBBI FINNUR MÁLBEIN

Haustið 2017 byrjaði leikskólinn að vinna með verkefni tengt læsi og málörvun, *Lubbi finnur málbein*. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar að læra að tala og tjá sig, því þarf hann að læra öll íslensku málhljóðin og bókstafina. Búið er að framleiða mikið af fylgiefni sem tilheyrir málörvunarefninu og hefur leikskólinn nýtt sér nokkuð af því. Lubbi er nýttur bæði í málörvunarstundum, samveru og víðar í starfinu eins og í gönguferðum.








Yfir skólaárið er unnið með einn til tvo bókstafi og málhljóð þeirra í hverri viku á eldri deildunum en á yngri deildunum er unnið með einn bókstaf og málhljóð í tvær vikur. Hvert málhljóð á sér ákveðið tákn sem er útfært með hreyfingum og hverju málhljóði/bókstaf fylgir bæði lag og myndband sem sýnir hóp af börnum syngja og sýna tákn jafnhliða við texta lagsins. Í Lubbabókinni er saga um hvert málhljóð/bókstaf. Þessar sögur eru stuttar og einfaldar svo börnin skilji þær betur (Eyrún Ísfold Gísladóttir & Þóra Másdóttir, 2009).

### 5.1.2 VEÐURFRÆÐINGUR




Veðurfræðingur er fastur liður í dagskipulagi leikskólans. Daglega er veðurfræðingur settur upp sjónrænt á hverri deild. Á yngri deildum setja kennarar upp veðurfræðinginn og fara yfir hann með barnahópnum. Þar eru lögð inn orð á mismunandi veðurfar og útifatnaði sem börnin tileinka sér með tímanum. Þar er



einnig lagður grunnur að því hvernig beri að klæða sig eftir veðri, t.d. regnföt þegar það rignir, kuldagalli þegar það snjóar og í hvaða röð eigi að klæða sig (förum í úlpuna áður en við farið er í vettlinga). Á eldri deildum byrja börnin að fá hlutverk veðurfræðings, þá kanna þau veðrið með kennara, hjálpa til við að setja upp sjónrænt skipulag og standa svo fyrir framan barnahópinn og segja frá hvaða dagur er, hvernig veðrið er og í hvað eigi að klæða sig fyrir útiveru.

## 5.2
## MÁLÖRVUN YNGRI DEILDA

Markmið leikskólans er að vinna markvisst með málörvun yngri barna, 18-36 mánaða. Þessi markvissa vinna felur fyrst og fremst í sér vinnu með málskilning sem er grundvöllur fyrir góðan lesskilning í framtíðinni. Málörvun er í raun fléttuð inn í allt starf leikskólans. Börnin hafa aðgang að bókum við hæfi. Sett eru orð á athafnir og hluti. Hvert tækifæri sem gefst er notað í notalegt spjall eins og þegar skipt er á bleyju. Þá er hægt að ræða ýmislegt svo sem fjölskylduna, heiti líkamsparta og fleira.





Samvera er tvisvar á dag. Þar eru yfirleitt sungin sömu lögin til að efla skilning og orðaforða Einnig er sungið Lubbalag í tengslum við bókstaf/málhljóð vikunnar. Lestrarstundir eru á hverjum degi strax eftir nónhressingu. Þar eru loðtöflusögur, stuttar sögur og þulur. Þegar lesin er saga þá er spurt spurninga út frá sögunni og myndirnar skoðaðar. Lesnar eru sömu bækur nokkrum sinnum til að leggja inn sömu hugtökin.

Hópastarf er að lágmarki þrisvar í viku og lögð er mest áhersla á málörvun, kubbastarf og könnunarleik þannig að hver hópur nær að fara á hverja stöð einu sinni. Í málörvun kynnast börnin boðskiptareglum Bínu, farið er í leiki sem innihalda gjarnan söngva og lesnar bækur. Boðskiptareglur Bínu sem eru notaðar eru: sitja, hlusta, passa hendur, bíða og skiptast á. Einnig er lesið í bókinni *Lubbi finnur málbein* og unnið er með sama bókstaf/málhljóð í tvær vikur í röð. Fyrst vöndust börnin því að vera á sama stað og gera það sama í 5-10 mínútur í hópastarfi. Í dag stendur hópastarfið yfir í allt að hálftíma í einu. Í könnunarleiknum leika börnin sér með verðlausan efnivið eins og keðjur, segla, rör og fleira sem þau geta kannað. Þau fá tækifæri til





að örva skynfæri, rannsaka og uppgötva eiginleika hluta, æfa notkun orða í rólegu umhverfi í nálægð fullorðinna. Í kubbastarfi setja kennarar orð á allar athafnir, hvað er að gerast eins og byggja, datt, stærri eða minni, húsið er hátt en þetta er lágt. Börnin læra að flokka kubbana, telja, para saman stærðir og setja í hillur.

Í fataherbergi gefast margir möguleikar á málörvun, hólfin eru merkt með nafni og mynd af börnunum. Það er m.a. rætt um litinn á fötunum og í hvaða föt er verið að fara í. Börnin eru virkjuð til þátttöku um leið. Það er gert til dæmis með því að segja þeim að ná í skóna sem standa undir hillunni. Þau er einnig spurð í hvaða föt förum við fyrst og í hvað förum við svo. Í útiveru er lögð áhersla á athafnir en þar reynir á samskipti milli barnanna. Við matarborðið er börnunum kennt að biðja um aðstoð og vera kurteis. Matartíminn er einnig nýttur í gott spjall og meðal annars rætt hvað er í matinn.



## 5.2.1
## MÁLÖRVUN YNGRI DEILDA:
## VERKFERILL

- Allir takast í hendur, hópurinn boðinn velkominn
- Nafnakall
- Farið yfir boðskiptareglur Bínu
- Lubbi finnur málbein. Stafur/málhljóð vikunnar, saga lesin, sungið og hlustað á lagið sem tilheyrir bókstafnum/málhljóðinu
- Sögubók, loðtöflusaga, orðaforðahjól, annað efni valið af hópstjóra
- Upprifjun á starfinu, allir takast í hendur og þakka fyrir sig

## 5.3
## MÁLÖRVUN ELDRI DEILDA



Í byrjun hverrar viku er lagt inn eitt málhljóð og bókstafur úr hljóðasmiðju Lubba. Í samveru er farið yfir staf vikunnar, málhljóð og hreyfitákn sem tilheyra málhljóðinu/bókstafnum. Börnin koma með hlut að heiman sem tengist málhljóði/bókstaf vikunnar, t.d. apabangsa þegar unnið er með málhljóðið/bókstafinn A, og setja í Lubbapokann. Unnið er með Lubbapokann í samveru, börnin fá að draga upp úr pokanum og segja frá því sem þau drógu. Bækur sem lesnar eru í daglegum

lestrarstundum tengjast málhljóði/bókstaf vikunnar. Hver hópur fer vikulega í málörvunarstund. Í þeim er rifjaður upp bókstafur vikunnar, hljóð hans og hreyfitákn. Lesnar eru smásögur sem æfa hlustun og skilning. Í málörvunarstundum eru spil mikið notuð til að vinna með mismunandi málþætti eins og orðaforða, hljóðkerfisvitund og yfirhugtök.





Málörvun fléttast inn í allt daglegt starf og er það hlutverk kennara að vera meðvitaðir um að gefa skýr fyrirmæli og setja orð á hluti og allar athafnir, til dæmis farðu í grænu peysuna með rennilásnum. Mikilvægt er að starfsfólk sé óhrætt við að kynna sér og nota þann efnivið sem leikskólinn býr yfir eins og söguteninga, sögugrunninn, loðtöflusögur, spil og bækur.





## 5.3.1
## MÁLÖRVUN ELDRI DEILDA: VERKFERILL

- Málörvun eldri barna
- Börn boðin velkomin
- Farið yfir Bínureglurnar/Orðagullsreglurnar
- Verkefnavinna/málörvandi námsefni
- Lubbi finnur málbein, spil, Orðagull, Sögukubbar, Sögugrunnur, Ljáðu mér eyra, o.fl.
- Upprifjun
- Börnin kvödd



## 5.4
## MÁLÖRVUN HJÁ BÖRNUM Í ÞRIÐJA FLOKKI

Þau börn sem falla undir þriðja flokk eru börn sem fagfólk leikskólans telur að þurfi viðbótar málörvun og er óháð því hvort börn eru tvítyngd eða með seinkaðan málþroska. Til grundvallar fyrir málörvun fyrir þennan hóp eru niðurstöður úr þeim athugunum og prófum sem notuð eru á leikskólanum. Undirbúningur fyrir málörvunartímana tekur m.a. mið af niðurstöðum úr Trasi og er unnið með börnin í sex vikur í senn, eftir það tekur annar hópur við. Ýmist eru eitt eða tvö börn í hverjum tíma. Í byrjun hvers tíma er börnunum sagt frá því sem gera á og í lok tímans er rifjað upp það sem gert var. Skráð er niður hvað hvert barn gerir í hverjum tíma og hvernig því gengur. Með yngstu börnunum er alltaf unnið í lotum sem eru þannig upp byggðar að fyrst er lagt fyrir valið verkefni, síðan leikur og aftur valið verkefni.



## 5.5
## FASTAR LESTRARSTUNDIR

Fastar lestrarstundir eru daglega í öllum hópum leikskólans. Val bókanna fer eftir aldri barnanna og hvaða orð eða bókstaf unnið er með hverju sinni. Bækurnar eru gjarnan lesnar aftur og aftur og það skapar ákveðið öryggi þegar sögur og ævintýri eru endurtekin og börnin tileinka sér betur ný orð. Elstu börnin eru farin að hlusta á framhaldssögur og skiptir þá máli að



sagan sé rifjuð upp sem dæmi „hvert vorum við nú aftur komin?“ Þannig getur kennarinn fylgst með hvort börnin eru að ná söguþræðinum. Einnig hefur verið vinsælt að velja bækur sem bíómyndir hafa verið gerðar eftir og börnin hafa fengið að horfa á að bók lokinni og enn frekari umræður skapast.

### 5.5.1
### LESTUR BÓKA: VERKFERILL

- Kennari kynnir sér bókina
- Kennari kynnir bókina fyrir börnum (t.d. hver er höfundur, skoða myndir/texta)
- Bókin er lesin
- Samræðulestur (að ræða um það sem lesið er)
- Rifja upp efni sögunnar
- Lestri lokið

## 5.6
## ORÐAFORÐALISTINN

Orðaforðalistinn er verkfæri sem Mennta- málaráðuneytið gaf út fyrir starfsfólk og foreldra til að auka orðaforða barna. Orðaforðalistann er hægt að nota á ýmsa vegu bæði í skipulögðu- og daglegu starfi, einnig í leik. Í upphafi verkefnisins var ákveðið að gera orðaforða-

listann myndrænan þar sem myndrænt skipulag er notað mikið í leikskólanum, bæði í leik og starfi. Myndirnar eru geymdar á sameiginlegu svæði og geta starfsmenn nálgast þær eftir þörfum. Myndirnar eru flokkaðar eftir aldri barnanna eins og orðaforðalistinn er byggður upp (sjá fylgiskjal 4). Einnig var ákveðið að setja orðaforðalistann upp í notar/notar ekki gátlista til að auðvelda bæði starfsfólki og foreldrum að fylla inn í þau orð sem barnið notar og fá yfirsýn yfir hvaða orð barnið þarf að vinna með (sjá fylgiskjal 5) (Menntamálaráðuneytið, 31. maí 2017).






## 5.7
## LEIKURINN

Á Álfasteini hefur verið lögð áhersla á frjálsan leik enda er hann talinn vera frumafl í þroska barnsins. Fram hefur komið meðal fræðimanna að leikurinn sé ein mikilvægasta leiðin í alhliða þroska barnsins þar sem hreyfi-, vitsmuna-, tilfinninga-, fagur-, siðgæði- og félagsþroski sé efldur (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2014). Barnið er annars vegar að þroska með sér leikni á lífið þar sem barnið endurspeglar upplifun sína frá degi til dags og hins vegar er barnið að þroska með sér grundvallarhæfileika og starfsemi hugans eflist og nýtist þannig barninu vel í þróun læsis (Bodrova og Leong, 2007). Í dagskipulagi Álfasteins er frjálsa leiknum gefið gott svigrúm. Hlutverk leikskólakennarans er meðal annars að



skapa umgjörð um leikinn svo börnin verði virk, skapandi og geti unnið úr reynslu sinni. Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á fjölbreytileika og hlutverk leikskólans á að vera að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Til að svo geti orðið er nýttur opinn efniviður sem gefur hverju barni möguleika á að virkja sköpunargleði og frjótt ímyndunarafl út frá eigin forsendum.





Fyrstu þrjú árin í lífi barns þroskast taugatengingar (synapses) sem eru í heilanum. Mikið veltur á því umhverfi sem barnið lifir í varðandi þróun og þroska þessara taugatengingar. Það má því segja að opinn efniviður sé mikilvægur til að örva taugatengingar barnsins. Þegar við fæðumst er heilabörkurinn óþroskaður. Taugatengingar (synapse) verða til eftir fæðingu og þau eru fleiri en við þurfum á að halda. Um tveggja ára aldur hefur barnið jafn margar taugatengingar og fullorðinn einstaklingur. Um þriggja ára aldur eru taugatengingar tvöfalt fleiri en hjá fullorðnum einstaklingum. Við þriggja ára aldur byrja tauga-



tengingar að fækka. Reynslan sem barnið öðlast ákvarðar hvaða taugar lifa áfram og hverjar hverfa. Því skiptir sú örvun sem börnin fá miklu máli fyrstu árin (Bee. H. 2000).

Þegar börnin endurtaka leik sinn, örvast og styrkjast taugatengingarnar, þær verða öflugri. Ef við tökum sem dæmi hefur barn möguleika á að endurtaka leik sinn með trékubbum. Barnið strýkur yfirborð kubbsins, þá styrkjast taugatengingar sem sjá heilanum fyrir upplýsingum um áferð. Með þessu öðlast barnið hæfileikann til að þekkja muninn á milli þess sem er hart, mjúkt eða hrjúft (Wellhousen og Kieff, 2001:22).

Þegar börn leika sér má segja að öll rökhugsun eflist þar sem barnið setur reglur, hugsar upp atburðarás í leiknum og hagar leikumhverfinu í sífellu eftir eigin geðþótta. Einnig eflist málþroski þar sem barnið á í samskiptum við önnur börn og samskiptin og reynslan í leiknum styrkja barnið í nýrri þekkingu barnanna sín á milli. Má því segja að læsi sé allsráðandi í leiknum en máltakan er undirstaða læsis þar sem barn þarf að ná ákveðinni færni á málinu til að geta nýtt sér lestur síðar



meir (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2014).

## 5.8
## KUBBASTARF





Einingakubbar og aðrir kubbar Caroline Pratt hafa verið einn af hornsteinum leikskólans frá upphafi og því sérkenni leikskólans Álfasteins. Starfsfólk leikskólans telur að einingakubbarnir taki á öllum þroskaþáttum barnsins, því eru einingakubbar góð leið í að samþætta læsi til náms og þroska. Börnin segja frá við gerð bygginganna, uppgötva að hægt er að nýta kubbana til stafagerðar, merkja byggingar sínar o.s.frv. Málþroskinn örvast þegar börnin tala saman í byggingaleik sínum. Það er því mikilvægt að kennarinn spyrji börnin opinna spurninga þannig að þau þurfi að nýta orðaforða sinn til að lýsa byggingunni og hvaða



hlutverki hún gegnir.

Í kubbaleik gefst tækifæri á að merkja byggingar og er það spennandi og jákvæð leið til að hvetja börn áfram og örva þau í stafagerð í þeim tilgangi að æfa sig í að skrifa eða tákngera heiti bygginga. Jafnframt hafa börnin uppgötvað að hægt er að nýta kubbana til að forma nafnið sitt. Mikilvægt er fyrir kennara að gera sér grein fyrir hvernig einingakubbar geta nýst sem kennslutæki og hvaða hag börnin hafa af leik með einingakubba. Kennarar ættu því að spyrja sig hvað og hvernig þeir vilji að börnin læri.

Börnin öðlast færni og þjálfun í rökhugsun í kubbaleik svo sem við að gera áætlanir, skipuleggja kubbabyggingar, prófa og skapa. Þegar kemur að tiltekt þá flokka börnin byggingarnar og gefst þar tækifæri til að setja inn fjölda og magn kubba sem og form ef kennara sýnist svo. Hugtök stærðfræðinnar eru sýnileg þegar kubbarnir eru mældir, taldir, þeim raðað eftir formum, dregið frá eða lagt saman. Allt eru þetta






þættir í læsi þar sem börnin læra ýmis hugtök.
Á Álfasteini er valið að flokka kubbana með eftirfarandi hætti: Yngstu börnin flokka einn og einn kubb og finna formið í hillunni „alveg eins“ og uppgötva þannig smám saman ólík form kubbanna. Eftir því sem barnið þroskast fer það að telja tvo og tvo kubba saman og svo þrjá og þrjá o.s.frv. Á þennan hátt má örva talnaskilning barnanna.




Eldri börnin á aldrinum 3-5 ára flokka fimm og fimm kubba í stafla. Hefur það tvennan tilgang. Annars vegar er verið að æfa talnaskilning. Hins vegar er auðveldara að koma kubbunum í hilluna í minni stöflum þegar staflarnir eru fluttir að kubbahillunni. Þegar börnin eru komin í elsta hóp spyrja þau gjarnan hvort telja megi 6/7/8 eða fleiri kubba í stafla. Þau fá auðvitað að prófa það þar sem forvitni þeirra er alltaf að aukast.





Á myndunum má sjá kubbastund elstu barna þar sem barnahópurinn valdi að telja fjölda kubba í hverju kubbaformi fyrir sig. Börnin skráðu fjöldann og enn og aftur er það hlutverk kennarans að nýta svæði hins mögulega þroska barnanna og sjá hvað hægt er að leiða þau langt. Börnin flokkuðu kubbana og kennarinn, með hjálp barnanna, reiknaði fjölda staflana og heildarfjölda kubbana sem voru notaðir í bygg-ingarnar. Eins og sjá má á myndunum átti sér stað mikil stærðfræðikennsla á forsendum barn-anna í gegnum leikinn. Þetta er einungis ein af mörgum leiðum sem börnin velja þegar kemur að flokkun og stærðfræðinámi í gegnum leikinn og raða á kubbunum í hillurnar þar sem kubbarnir eru geymdir. Eftir því sem færni barnanna eykst má gefa flóknari fyrirmæli og þyngri þrautir.

## 5.8.1

## KUBBASTARF YNGRI DEILDA: VERKFERILL

Börn boðin velkomin

Farið yfir kubbareglur

Börnin byrja að byggja

Tiltekt/flokka kubbana

18 mánaða til 2,5 ára flokka kubba beint inn í hilluna.
Máta form

Börnin kvödd

2,5 ára til 3,5 ára börn æfa sig að flokka í stafla (1, 2 eða 3 kubba)

Kubbarnir settir í hillu

Börnin kvödd

## 5.8.2
## KUBBASTARF ELDRI DEILDA:
## VERKFERILL

- Börn boðin velkomin
- Farið yfir kubbareglur
- Kíkja í hilluna
- Spyrja börnin hvað þau vilji byggja.
  Börnin byrja að byggja
- Kennari spyr út í byggingar barnanna
  (biður börnin að segja frá byggingum sínum)
- Undirbúa börnin undir flokkun (5-7 mín eftir)
- Tiltekt/flokka kubbana
  (allir kubbar flokkaðir áður en settir eru í hillu)
- Farið yfir hve mörg form/kubbar voru notaðir
- Kubbar settir upp í hillu
- Börnin kvödd

## 5.9
## KÖNNUNARLEIKUR

Til að ná settum markmiðum aðalnámskrár starfar Álfasteinn eftir Framfarastefnu heimspekingsins John Dewey. Í þeirri stefnu er meginárhersla lögð á að kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun í stað þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir. Hlutverk leikskólakennarans er meðal annars að skapa umgjörð um leikinn svo börnin verði virk og skapandi og geti unnið úr reynslu sinni (Miettinen, 2000).





Að mati starfsfólks Álfasteins fellur könnunarleikurinn (e. *heuristic play with objects*) vel að þessum hugleiðingum Dewey. Hugmyndasmiðir könnunarleiksins eru Elinor Goldschmied og Sonja Jackson. Þetta er áhugaverð leikaðferð fyrir yngstu börn leikskólans og hefur verið skilgreind sem afbrigði náms sem stuðlar að því að barn uppgötvar hlutina á sinn hátt, á eigin forsendum. Könnunarleikur með hluti gengur út á að börn á aldrinum 1-3 ára vinna í litlum hópum með viðfangsefni þar sem íhlutun hins fullorðna er sem minnst. Með þessum hætti er áhugi og forvitni barna vakin á umhverfinu og fær útrás í leiknum (Kristín Elva Guðnadóttir, 2003). Í könnunarleik fá börn jafnframt tækifæri til að örva öll skynfæri, rannsaka og uppgötva eiginleika hluta og æfa notkun orða og hugtaka í rólegu og öruggu umhverfi í nálægð fullorðinna (Hildur Skarp-



héðinsdóttir og Sigrún Einardóttir, 2006).
Að sama skapi er tiltektin jafn mikilvæg og leikurinn sjálfur. Þar tekur kennarinn markvissari þátt og stjórnar henni með því að biðja börnin um að ná í hlutina og setja í réttan poka. Til að mynda með því að segja; þarna undir borðinu, náðu í rauðu dósina við hliðina á stólnum, o.s.frv. Orðaforði er einn af grunnþáttum læsis og mikilvæg undirstaða náms og því nauðsynlegt að styðja vel við máltöku barna með áherslu á orðaforða frá upphafi. Á þennan hátt er einnig hægt að nýta könnunarleikinn til að kenna börnunum hin ýmsu hugtök og litaheiti (Goldschmied og Jackson, 2004).

## 5.10
## KÖNNUNARAÐFERÐ
(E. PROJECT APPROACH)

Með könnunaraðferðinni er litið á að nám verði merkingarbært fyrir börn ef þau leita svara og bera ábyrgð á eigin námi. Því er mikilvægt að lögð sé áhersla á virkni barnanna, sjálfstæða hugsun og ígrundun. Markmiðið er að hafa að leiðarljósi að mennta börnin á þeirra forsendum og efla víðsýni við vinnu þeirra á þeim



rannsóknarverkefnum sem tekist er á við, ásamt því að tengja rannsóknarverkefnið við öll námssvið leikskólans. Með könnunaraðferðinni fá börn tækifæri til að sýna frumkvæði og rannsaka á eigin forsendum, fylgja eftir áhugahvöt sinni ásamt því að skoða, sýna, útskýra og miðla vinnu sinni til annarra barna, foreldra og vina. Ávinningur af því að nota könnunaraðferðina er til dæmis skólafærni, félags- og tilfinningaþroski og foreldrasamstarf.

Foreldrasamstarf og þátttaka foreldra er mjög mikilvæg í námi barna og hefur áhrif á árangur barnsins í leikskólanum. Þátttaka foreldranna getur átt sér stað á margvíslegan hátt til dæmis með beinni þátttöku og aðstoð í vettvangsferðum, kynningu á viðfangsefni, skapa tengsl við vinnustaði, efni sem til er á heimili og tengist viðfangsefninu eða hlusta á kynningu á verkefninu hjá börnunum svo eitthvað sé nefnt. Könnunaraðferðin er unnin í þremur stigum:






**Fyrsta stig:** Á því stigi er fundið út hvað á að rannsaka hvort sem það er hugmynd frá börnunum eða kennara. Út frá því fer fram athugun á hvað börnin vita um það nýja viðfangsefni sem þau ætla að rannsaka. Kennarinn gefur sér tíma til að afla upplýsinga um það efni sem börnin vilja rannsaka ásamt því að leggja drög að vettvangsferð og leiðum til foreldrasamstarfs.

**Annað stig:** Vinna á vettvangi er skipulögð og athugað hvaða efni er til staðar, einnig hvaða möguleikar eru í nánasta umhverfi. Hvaða efnivið höfum við yfir að ráða, bækur, netið, sönglög, myndir, litir, pappír o.fl. Á þessu stigi er farið í vettvangsferðir eða sérfræðingar fengnir í heimsókn. Úrvinnsla úr vettvangsferðum eða heimsóknum er unnin með



umræðum og teikningum.

**Þriðja stig:** Síðasta stigið þar sem fram fer mat og kynning á verkefninu. Lokavefur um aukna þekkingu barnanna er gerður en hann er skráning á þekkingu barnanna í lok verkefnisins. Á þessu stigi fer fram mikið samskiptanám og börnin fá tækifæri til að gefa persónulegar upplýsingar um eigin könnun á viðfangsefninu. Valdir eru ákveðnir þættir til kynningar, þar fá börnin að deila vitneskju sinni með öðrum (öðru starfsfólki, börnum af öðrum deildum, foreldrum og gestum) sem þau bjóða á sýningu um verkefnið.

Að kynningu lokinni er gögnum úr verkefninu ásamt myndum safnað saman í möppu sem börnin skiptast á að taka heim og sýna vinum og ættingum. Mappan er síðan geymd á bókasafni leikskólans.

## 5.11 LISTASMIÐJA

Í listarsmiðju eða sköpun læra börnin að meðhöndla ólíka tegund af efnivið. Má þar nefna að mála og blanda liti, æfa fínhreyfingar með því að



klippa, lita og líma. Þau fá tækifæri til að efla sköpunargáfu sína ásamt því að fara eftir fyrirmælum í fyrirfram ákveðnum verkefnum. Á yngri deildum er listasmiðja jafnan tengd árstíðum, þema, lit mánaðarins eða öðrum hugmyndum sem kvikna hverju sinni. Listasmiðja á eldri deildum er einnig tengd árstíðum, þemum ásamt málhljóði vikunnar og könnunarverkefnum. Þegar börn útskrifast fá þau ferilmöppu með listaverkum sem safnað hefur verið frá upphafi leikskólagöngu þeirra.



## 5.12
## GÖNGUFERÐIR

Á eldri deildunum fer hver hópur einu sinni í viku í gönguferð. Í gönguferðum æfa börnin grófhreyfingar ásamt því að lesa í umhverfi sitt. Hægt er að flétta allt starf leikskólans inn í gönguferðirnar. Sem dæmi hafa börnin tekið Lubba með sér og leitað að málhljóðum úr hljóðasmiðju Lubba, skoðað götuskilti og húsnúmer. Einnig hafa þau verið að búa til bókstafi úr ýmsum efnivið sem þau finna í umhverfinu. Á vorin nota elstu börnin gátlista sem þau merkja við hvað þau sjá í umhverfinu, á þessum listum eru t.d. fuglar, skordýr, blóm og form.



Reglulega fara börnin í endurvinnsluna þar sem þau læra að flokka pappa og plast. Hægt er að nýta gönguferðirnar fyrir allt hópastarf, til dæmis til að finna efnivið í náttúrunni fyrir listasmiðju.

# 6

# VERKFERLAR DAGSKIPULAG

# 6.1

## DAGSKIPULAG BERG/KLETTUR:

## VERKFERILL

| | |
|---|---|
| | Velkomin í leikskólann |
| 07.30-09.00 | **Morgunmatur** / **Frjáls valtími** |
| 09.15-09.45 | **Hópastarf** (málörvun, kubbastarf, könnunarleikur, sköpun, hreyfing) |
| 09.45-10.00 | **Ávaxtastund** |
| 10.00-11.00 | **Útivera** |
| 11.00-11.15 | **Samvera** (Lubbi; stafur og tákn vikunnar, Blær, söng-stundir, Bínureglur lagðar inn) |
| 11.15-11.45 | **Hádegismatur** |
| 11.45-14.00 | **Hvíld**<br>**Róleg stund** (lesa bók, frjáls leikur) |
| 14.15-14.30 | **Samvera** (spjall um staf vikunnar, tákn vikunnar, söngur) |
| 14.30-15.00 | **Nónhressing** |
| 15.00-15.15 | **Lestur** (hver hópur les á sínu borði) |
| 15.15-15.45 | **Hópavinna**<br>**Valtími** |
| 15.45-16.15 | **Frjáls leikur** |
| 16.15 | **Sameining deilda** |
| | Takk fyrir daginn |

## 6.2

## DAGSKIPULAG HOLT/HAMAR:

### VERKFERILL

| | |
|---|---|
| | Velkomin í leikskólann |
| 07.30-08.50 | **Morgunmatur / Frjáls valtími** |
| 08.50-09.00 | **Veðurfræðingur** |
| 09.10-10.00 | **Valtími**<br>**Hópastarf** (kubbastarf, málörvun, sköpun)<br>**Göngutúr** (hver hópur fer 1x í viku í göngutúr. Lubbi fer með og m.a. leitað að staf vikunnar úti í náttúrunni) |
| 10.00-11.00 | **Útivera**<br>**Hópastarf** |
| 11.00-11.30 | **Samvera** (Lubbi; stafur og tákn vikunnar, Blær, söngstundir, SMT reglur lagðar inn) |
| 11.30-12.10 | **Hádegismatur** |
| 12.15-13.00 | **Hvíld**<br>**Gæðastund** (spilað með ýmis spil sem ná til allra námsþátta) |
| 13.00-14.15 | **Útivera / frjáls valtími** |
| 14.15-14.30 | **Stutt samvera** (spjall um staf vikunnar, tákn vikunnar, söngur) |
| 14.30-15.00 | **Nónhressing** |
| 15.00-15.10 | **Lestur** (bækur valdar út frá staf vikunnar) |
| 15.10-15.40 | **Hópavinna** (stærðfræði, málskilningur og tjáning, könnunarverkefni) |
| 15.40-16.15 | **Frjáls valtími** |
| 16.15 | **Sameining deilda** |
| | Takk fyrir daginn |

## 6.3

## DAGSKIPULAG LAUT:

## VERKFERILL

| | |
|---|---|
| | Velkomin í leikskólann |
| 07.30-09.00 | **Val og morgunmatur** |
| 09.00-09.15 | **Veðurfræðingur**<br>**Lubbahljóð / Stafur vikunnar** |
| 09.15-10.15 | **Hópastarf** (kubbastund, útikennsla (göngutúr), málörvun) |
| 10.15-11.00 | **Ávaxta- og valstund** |
| 11.00-11.30 | **Samvera** (hóplestur, söngur, umræða) |
| 11.30-12.15 | **Hádegismatur** |
| 12.15-12.30 | **Lestur** (framhaldssögur; samræðulestur) |
| 12.30-13.00 | **Vinnustund** (verkefnablöð, stærðfræði, spil) |
| 13.00-14.30 | **Útivera** |
| 14.30-16.30 | **Val og flæðandi nónhressing**<br>**Leikskólinn lokar** |
| | Takk fyrir daginn |

# 7

# EFLING FÉLAGSFÆRNI

## 7.1
## SMT-SKÓLAFÆRNI

Álfasteinn innleiddi SMT skólafærni árið 2006 (School Management training). Markmið SMT er að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma vinnubrögð. Í vinnu með SMT stuðla kennarar að jákvæðum aga í leikskólastarfi og stefna að sama marki með samræmdum vinnubrögðum. Kennarar sýna börnunum gott fordæmi með jákvæðu hugarfari (PMTO-FORELDRAFÆRNI, 2020).

Gildi Álfasteins eru ábyrgð og virðing. Við tökum ábyrgð og sýnum virðingu. Reglur leikskólans hafa yfirskriftina „Svona gerum við“ og eru myndrænar. Útbúnar hafa verið kennsluleiðbeiningar fyrir hverja reglu fyrir sig þar sem kemur fram hvað sé verið að kenna og hvernig hægt sé að kenna það (sjá fylgiskjal 6). Hver deild hefur SMT



**NÍU REGLUR ÁLFASTEINS**

1) Við göngum á ganginum
2) Hafa hendur og fætur hjá sér
3) Að sitja í sætinu sínu
4) Nota inniröddina
5) Vera á sínu svæði
6) Við göngum frá
7) Aðstoða hvert annað
8) Hugsa um sjálfan sig
9) Við tökum til fötin okkar

möppu sem uppfærð er á hverju hausti. Í henni er m.a. árshjólið (sjá fylgiskjal 7) þar sem kemur fram hvaða reglu á að leggja inn hvernær (sjá möppu).

Fylgiskjal 8 skráningarblað
Fylgiskjal 9 tilvísun í Lausnarteymi
Fylgiskjal 10 vinnuferli Lausnateymis



## 7.2
## BOÐSKIPTAREGLUR BÍNU

Boðskiptareglur Bínu eru notaðar með öllum börnum leikskólans en þó mest með þeim yngri (yngri en 3 ára) þar sem SMT er frekar ætlað börnum frá 3 ára aldri. Bínu reglurnar og SMT reglurnar eru mjög líkar og eiga því vel saman. Bína er sögupersóna eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Bína er með frávik í málþroska og er oft reið af því að hún veit ekki hvernig hún á að haga sér og þess vegna þarf að kenna henni undirstöðuþætti boðskipta. Hegðun og boðskipti eru nátengd. Rannsóknir hafa sýnt að börn með málþroskaröskun þróa í sumum tilfellum með sér hegðunarerfiðleika (Ásthildur Bj. Snorradóttir, e.d.).






Boðskiptareglur Bínu eru sex og eru kenndar á hverju svæði fyrir sig:

- Bína lærir að sitja
- Bína lærir að hlusta
- Bína lærir að passa hendur
- Bína lærir að bíða
- Bína lærir að gera til skiptis
- Bína lærir að muna

Reglurnar eru sýnilegar börnunum í formi mynda og eru rifjaðar upp fyrir hvert hópastarf. Búin var til loðtöflusaga úr bókunum um Bínu sem gjarnan er lesin fyrir yngstu börnin.

## 7.3
## BLÆR – VINÁTTUVERKEFNI

Blær er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti fyrir börn á aldrinum 3-8 ára. Verkefnið var þróað af Red barnet og Mary Fonden í Danmörku. Verkefnið var fyrst innleitt í leikskólann Álfastein árið 2017 fyrir börn á aldrinum 3-8 ára. Árið 2019 bættist við efni fyrir 0-3 ára. Markmið verkefnisins er að þátttakendur tileinki sér ákveðin grunngildi við vinnu og samskipti í leikskólasamfélaginu. Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar.

Verkefnið býður upp á klípusögur, umræður, nudd, söng og leiki þar sem börnum er kennd gildi vináttu með aðstoð frá bangsanum Blæ. Hvert barn fær sinn bangsa sem það varðveitir alla sína leikskólagöngu. Bangsann geyma þau í

leikskólanum þar til þau útskrifast en þá fá börnin hann með sér heim. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirfarandi fjórum gildum:

**Umburðalyndi** Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við aðra af virðingu.

**Virðing** Að viðurkenna og taka tillit til allra barna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi hátterni annarra.

**Umhyggja** Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

**Hugrekki** Að þora að láta í sér heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti. (Dorthe Rasmussen, Signe-Marie Paluden Bogskov, & Christina Stær Mygind, 2015).



8

# ATHUGANIR, PRÓF OG SKIMANIR

## 8.1
## ATHUGUNARLISTI FYRIR ATFERLI LEIKSKÓLABARNA (AAL)

*Athugunarlisti fyrir atferli leikskólabarna* (AAL) er eftir Jacqueline McGuire og Naomi Richman og þýðandi er Gyða Haraldsdóttir. Listinn var gefinn út á vegum Leikskóladeildar Akureyrarbæjar. *AAL listinn* er hugsaður sem hjálpartæki fyrir starfsfólk leikskóla. Listinn er notaður þegar áhyggjur kvikna af atferli hjá börnum. Listinn gefur góða lýsingu á atferli barna og auðveldar að finna börn með tilfinningaleg vandamál og hegðunarerfiðleika. Talan 12 var valin sem viðmiðunarstig á grundvelli rannsókna sem gerðar voru. Þetta þýðir að líkur eru á að barn sem fær 12 stig eða fleiri eigi við hegðunarerfiðleika að stríða (McGuire & Richman, 1994, bls. 1).



Í leikskólanum Álfasteini er *AAL listinn* oft notaður þegar senda á beiðni til sálfræðings vegna barna þar sem grunur leikur á ADHD (athyglisbresti). Sérkennslustjóri reiknar út úr listanum og lætur foreldra vita útkomu og ræðir næstu skref ásamt deildarstjóra.

## 8.2
## ÍSLENSKI ÞROSKALISTINN OG SMÁBARNALISTINN

Báðir listarnir eru frumsamdir og staðlaðir á Íslandi og eru höfundar þeirra Sigurður Grétarsson og Einar Guðmundsson. Smábarnalistanum er ætlað að meta mál- og hreyfiþroska 15-38 mánaða barna og er hann sá eini hérlendis sem metur börn yngri en 3 ára. Mæður svara listanum og leggja þar með mat á þroska barna sinna. Prófþættir *Smábarnalistans* eru grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun og tal. Þroskatala barnsins er svo reiknuð út frá þessum fimm þáttum (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2020).




*Íslenski þroskalistinn* er ætlaður til að meta mál- og hreyfiþroska 3-6 ára barna. Mæður svara listanum og leggja þar með mat á þroska barna sinna. Prófþættir listans eru grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám. Þroskatala barnsins er svo reiknuð út frá þessum sex þáttum. Sérkennslustjóri fær listann frá móður og reiknar út þroskatölu (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson, 2020).

## 8.3
## ORÐASKIL

Málþroskaprófið *Orðaskil* er eftir Elínu Þöll Þórðardóttur talmeinafræðing. Prófið er ætlað börnum á aldrinum 1½-3 ára. Með prófinu er orðaforði barna mældur og færni þeirra í setningargerð og hversu gott vald þau hafa á beygingum í íslensku miðað við jafnaldra. Prófið er fyllt út af foreldrum barnanna. Styttri útgáfan af prófinu er notuð til skimunar í leikskólum og er þá bara notaður fyrsti og síðasti kafli málþroskaprófsins. Talmeinafræðingar eru þeir einu sem mega nota prófið í fullri lengd (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998; 9). Á Álfasteini er prófið lagt fyrir öll 3 ára börn en ef grunur vaknar um seinkaðan málþroska hjá yngri börnum eru foreldrar þeirra beðnir um að fylla málþroskaprófið út fyrir 3 ára aldur. Sérkennslustjóri reiknar svo út úr prófinu og kynnir niðurstöður fyrir foreldrum ásamt deildarstjóra.



## 8.3.1
## ORÐASKIL:
## VERKFERILL

**Öll 3 ára börn miðað við fæðingardag og fyrr ef þarf**

| Eðlileg niðurstaða | Frávik |
|---|---|
| Niðurstaða kynnt foreldrum | Niðurstaða kynnt foreldrum, fræðsla og úrræði |
| | Þjálfunaráætlun, þjálfun/málörvun |
| | Íslenski smábarnalistinn /íslenski þroskalistinn |
| | Beiðni send til talmeinafræðings |

## 8.4
## HLJÓM-2




*Hljóm–2* er próf sem er lagt fyrir hjá elstu börnunum við aldursbilið 4 ára og 9 mánaða til 6 ára og 1 mánaða, á tímabilinu september – október. *Hljóm-2* er próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna á leikskólanum. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og að það skiptir ekki bara máli hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt. Góður málþroski, þar á meðal góð hljóðkerfisvitund, eykur

## 8.4.1
## HLJÓM-2:
## VERKFERILL

**Öll börn frá 4,9 - 6,1 ára á tímabilinu sept. - okt.**

| Góð færni eða meðalfærni | Slök eða mjög slök færni í einstaka þáttum | Heildarniðurstaða slök eða mjög slök |
|---|---|---|
| Niðurstaða kynnt foreldrum | Niðurstaða kynnt foreldrum, fræðsla og úrræði | Niðurstaða kynnt foreldrum, fræðsla og úrræði |
| Niðurstöðum skilað til grunnskóla | Unnið með slaka þætti á prófinu inn á deild og í málörvun skv. 3. fl. - þjálfunaráætlun | Unnið með slakaþætti á prófinu inn á deild og í málörvun skv. 3. fl.— þjálfunaráætlun |
| | Niðurstöðum skilað til grunnskóla | Hljóm-2 lagt aftur fyrir þremur mánuðum síðar |
| | | Niðurstaða kynnt foreldrum |

líkur á farsælu lestrarnámi. *Hljóm-2* metur eftirfarandi þætti: rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Niðurstöðurnar úr prófinu eru reiknaðar út frá lífaldri barnsins og eru flokkaðar á eftirfarandi hátt; góð færni, meðal færni, slök færni og mjög slök færni. Í framhaldi er unnið með börnunum í samræmi við þá niðurstöðu sem kom úr prófinu. Hjá þeim börnum sem fá niðurstöðuna slök eða mjög slök færni er aftur lagt

fyrir sama próf í janúar eftir íhlutun. Niðurstöðum úr prófinu er síðan skilað til viðeigandi grunnskóla (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002).

## 8.5
## TRAS




*Tras* skráningarlistinn og meðfylgjandi efni var þróað og samið af sérfræðingum í sérkennslu og talmeinafræði í Noregi (Wagner. Hansen. Å. K. 2011). *Tras* efnið er ætlað til stuðnings fyrir fagfólk leikskóla til að það geti á markvissan hátt skipulagt málörvun í daglegu skólastarfi. Með þessu móti er hægt að fylgjast með og fá yfirsýn yfir málþroskaframvindu barns. *Tras* skráningarlistinn er notaður til að skrá færni barna í eftirfarandi þáttum; málskilningur, málvitund, framburður, orðaforði, setningamyndun, samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting. *Tras* er gert tvisvar sinnum á ári með sex mánaða millibili. Aldursbilin eru þrjú 2-3 ára, 3-4 ára og 4-5 ára. Mælt er með að fyrsta skráning eigi sér stað þegar barnið er 2,2 – 2,4 ára.

## 8.5.1

## TRAS:

## VERKFERILL

**Öll 2,2 ára - 5,8 ára börn..**
**Fyllt út á 6 mánaða fresti**

| Eðlileg niðurstaða | Frávik |
|---|---|
| Niðurstaða kynnt foreldrum | Niðurstaða kynnt foreldrum, fræðsla og úrræði |
| | Þjálfunaráætlun, þjálfun/málörvun |
| | TRAS tekið aftur eftir 6 mánuði |
| | Orðaskil, Ísl. smábarna-listinn/Ísl. þroskalistinn |
| | Beiðni til talmeinafræðings og áframhaldandi þjálfun |

# 9

# GRUNUR UM FRÁVIK

Þegar grunur vaknar um frávik hjá barni er mikilvægt að vinna markvisst eftir ákveðnum verkferlum til að framfylgja og vera viss um að réttum leiðum sé fylgt eftir, þannig að öll börn með frávik fái þjónustu eftir þörfum.

## 9.1 EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ

Ef frávik koma í ljós hjá barni er gerð einstaklingsnámskrá fyrir viðkomandi barn þar sem staða þess er kortlögð. Í einstaklingsnámskránni koma fram markmið varðandi þá þætti sem vinna þarf með barninu og leiðir að þeim markmiðum. Einnig kemur fram hversu oft í viku unnið verður með barninu. Starfsfólk leikskólans leggur áherslu á foreldrasamstarf þar sem markviss samskipti og gagnkvæmt traust ríkir. Mikilvægt er að unnið sé með barnið bæði heima og í leikskóla til að sem bestur árangur náist. Einnig er komið á reglulegum samskiptum með teymisfundum sem haldnir eru tvisvar til fjórum sinnum á ári þar sem upplýsingum er miðlað á milli foreldra og þeirra sem vinna með barnið.

Það er í höndum deildarstjóra og stuðningskennara barnsins að kynna einstaklingsnámskrána fyrir starfsfólki deildarinnar og hvernig best sé að vinna með barnið (sjá sýnishorn í fylgiskjali 11).

# 10

# TVÍTYNGI /FJÖLTYNGI

